

BÍÓ

307 tbl. Ágúst 2019

MYNDIR

hánaðarins



LEONARDO DiCAPRIO · BRAD PITT
MARGOT ROBBIE

ONCE UPON A TIME IN...
HOLLYWOOD

NÍUNDA MYND QUENTIN TARANTINO

FRUMSÝND 14. ÁGÚST



MITT UPPÁHALDS

FRÁ GAURUNUM SEM FÆRÐU OKKUR SUPERBAD,
BAD NEIGHBOURS OG SAUSAGE PARTY

GOOD BOYS

**NÝTT
Í BÍO**
FRUMSÝND
21. ÁGÚST

ÞÚ VERÐUR AÐ VERA SVONA STÓR
TIL AÐ SJÁ ÞESSA MYND



© 2019 UNIVERSAL STUDIOS
UNIVERSAL

LAUGARÁS  BÍO

SMÁRA  BÍO

HÁSKÓLA  BÍO

STÍBÍOIN
EGILSHÖLL 

BORGAR  BÍO

Komum heil heim

Ágúst er runninn upp og um leið mesta ferðahelgi ársins, verslunarmannahelgin og því er full ástæða til að minna fólk á að ganga hægt um gleðinnar dyr, aka varlega og umfram allt, koma heil heim á sál og líkama. Það er einfaldlega aldrei of varlega farið.

Að því sögðu þá verður ágúst ákaflega fjölbreyttur bíómánuður sem inniheldur m.a. eina umtöluðustu mynd ársins, *Once Upon a Time in ... Hollywood* eftir Quentin Tarantino, og íslensku myndina *Héraðið* eftir Grím Hákonarson. Þess utan er dagskráin auðvitað sneisafull af öðrum fínnum myndum úr öllum áttum þannig að það mun engum leiðast sem skellir sér í bíó á næstunni. Hér er dagskráin:

7. ágúst	The Angry Birds Movie 2	Bls. 10
8. ágúst	The Kitchen	Bls. 11
9. ágúst	Scary Stories to Tell in the Dark	Bls. 12
14. ágúst	Once Upon a Time in ... Hollywood	Bls. 13
14. ágúst	Héraðið	Bls. 14
21. ágúst	Good Boys	Bls. 15
23. ágúst	Dora and the Lost City of Gold	Bls. 16
30. ágúst	Blinded by the Light	Bls. 17
30. ágúst	A Dog's Journey	Bls. 18
30. ágúst	Angel Has Fallen	Bls. 19

Og eins og alltaf hvetjum við lesendur til að kíkja einnig á DVD- og VOD-útgáfuna sem finna má hinum megin í blaðinu auk kynningar á tveimur nýjum tölvuleikjum.

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá tjaldið og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna pínulítið tjald sem einhver hefur gleymt á einni síðunni hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þetta: 🏠

Ef þú finnur tjaldið og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á facebook.com/myndirmanadarins og senda okkur svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem tjaldið er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og **póstnúmer** með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. ágúst**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa birt í næsta tölublaði sem kemur út í lok ágúst.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu sílið:

Guðmundur Einarsson, Ránargötu 15, 101 Reykjavík
 Pétur Þorleifsson, Álfheimum 42, 104 Reykjavík
 Ægir Örn Ingvarsson, Skarðshlíð 25a, 603 Akureyri
 Valentin Oliver Loftsson, Gnoðarvogi 42, 108 Reykjavík
 Íris Dögg Ingadóttir, Vesturtúni 9, 225 Álftanesi

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

307. töl. ágúst 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 19.000 eintök





**BRJÓTTU UPP DAGINN
MEÐ KITKAT**






Grínhasarinn Hobbs & Shaw sem er eins og allir vita hliðar-mynd úr *Fast & Furious*-seríunni verður frumsýndur 31. júlí.

Sjáumst í bíó!

Það er óhætt að segja að júlímánuður hafi verið gjöfull á góðar og fjölbreyttar myndir í bíóhúsum landsins og þegar þetta blað kemur út á meira að segja eftir að frumsýna eina mynd úr júlídagskránni sem búist er við að eigi eftir að njóta mikilla vinsælda. Við erum að sjálfsgöðu að tala um *Fast & Furious*-myndina *Hobbs & Shaw* sem frumsýnd verður 31. júlí. Hún gerist um tveimur árum eftir atburðina í síðustu *Fast & Furious*-mynd og segir frá því þegar erkióvinirnir Luke Hobbs (Dwayne Johnson) og Deckard Shaw (Jason Statham) þurfa að leggja persónulega óvild sína hvors í annars garð til hliðar og snúa þess í stað bökkum saman í baráttu við sameiginlegan óvin, og reyndar óvin alls mannkyns, hinn gríðaröfluga Brixton Lore (Idris Elba). Reikna má með miklum hasar og mörgum áhættuatriðum, en líka ómældu gríni því þótt þeir Hobbs og Shaw neyðist til að vinna saman nota þeir hvert tækifæri sem gefst til að kleggja hvor á öðrum. Við sjáum hvernig það fer!



Hrútar endurgerð

Önnur forsíðumynd blaðsins að þessu sinni er íslenska myndin *Héraðið* eftir leikstjórnann Grím Hákonarson sem einnig skrifaði handritið, en þrjú ár eru liðin síðan hann sendi frá sér hina frábæru mynd *Hrúta* sem sópaði til sín verðlaunum víða um heim, þ. á m. hér á landi þegar hún hlaut ellefu Edduverðlaun af þrettán tilnefningum. Það er því skemmtilegt að segja frá því að í september stendur til að frumsýna í Ástralíu þarlanda endurgerð *Hrúta* sem nefnist að sjálfsgöðu *Rams* og er með þeim Sam Neill og Michael Caton í hlutverkum bræðranna tveggja sem hafa ekki talast við í 40 ár þrátt fyrir að vera nágrannar. Með hlutverk Kat, sama hlutverk og Charlotte Bøving fór með í frummyndinni, fer Miranda Richardson og um leikstjórna sá Jeremy Sims sem hlaut m.a. Áströlsku kvikmyndaverðlaunin árið 2015 fyrir handrit sitt að myndinni *Last Cab to Darwin* sem jafnframt var tilnefnd sem besta ástralska mynd ársins. Það eru því engir aukvisar sem standa að gerð myndarinnar og verður gaman að sjá hana þegar hún rekur á fjörur okkar hér á Íslandi, hvenær sem það nú verður. Þess má einnig geta til gamans að til stendur að gera suðurkóreska útgáfu af *Hrútum* og má vænta frekari upplýsinga um þá endurgerð í haust. Kíkið á kynninguna á *Héraðinu* á bls. 12.



Sam Neill leikur Colin í *Rams*, sama hlutverk og Sigurður Sigurjónsson lék í upprunalegu útgáfunni (*Gumma*) og ...



... það er Michael Caton sem leikur bróður hans, Les, sem Theodór Júlíusson lék á íslensku og hét þá Kiddi. Eins og sjá má á hliðinu stendur Grímurson á því og grunar okkur að það sé til heiðurs höfundu sögunnar, leikstjóranum Grími Hákonarsyni.

GLÆNÝTT
ÍSLENSKT Í ÁGÚST
Á STÖÐ 2



FramKOMMA

Fannar Sveinsson hoppar inn í
vinnudag þekktra einstaklinga
sem starfa við það að koma fram.



RIKKI FER TIL
AMERÍKÚ

Við sláumst í för með þeim
félögunum Rikka G. og Auðunni
Blöndal í jómfrúarferð Rikka til
hinnar stóru Ameríku.



.....
Þú getur
horft á fyrri
þáttaraðir á
MARAFON

GULLI BYGGIR

Gulli snýr aftur í framkvæmdahug
og eru verkefnin stór sem smá
eins og áður.



Trúðurinn Pennywise mætir auðvitað aftur á svæðið í túlkun Bills Skarsgård og á sjálfsagt eftir að gera einhvern óskunda.

It: Kafli tvö kemur í september

Seinni kafli í sögu Stephens King um ógnina í bænum Derry í Maine-ríki Bandaríkjanna kemur í bíó í byrjun september þegar nákvæmlega tvö ár eru liðin frá því að fyrri hlutinn sló í gegn á heimsvísu og halaði inn rúmlega 700 milljónir dollara í miðasölu. Líklegt þykir að kafli tvö eigi eftir að slá þann fyrri út í vinsældum enda vilja allir auðvitað sjá hvað gerist nú í Derry 27 árum síðar.



Í myndinni snúa nánast allar aðalpersónurnar aftur en krakkararnir sem glímdu við Pennywise eru nú ekki lengur krakkar heldur fullorðið fólk. Hvort það geri baráttuna við hinn ómennska trúð eitthvað auðveldari er ekki líklegt fyrir utan að nú hafa þau reynsluna og vita að hverju þau eru að ganga – eða hvað?

Leikstjóri er sá sami, Andy Muschietti eins og reyndar svo til allir sem unnu að gerð fyrri myndarinnar enda engin ástæða til að skipta út því ágæta sigurliði!




Bill Hader, Jessica Chastain, James McAvoy, James Ransone, Isaiah Mustafa og Jay Ryan leika sex af krökkunum þegar þau eru orðin fullorðin og snúa aftur til heimabæjar síns, Derry.



Myndin gerist að stóru leyti í geimnum og er sögð innihalda raunverulegustu geimsmenur sem gerðar hafa verið.

Verk að vinna

Það bíða sjálfsagt margir eftir vísindaskáld-sögunni *Ad Astra* eftir leikstjórnann James Gray með Brad Pitt í aðalhlutverki og leikurum eins og Tommy Lee Jones, Donald Sutherland, Ruth Negga og Liv Tyler í öðrum stórum hlutverkum. Þeirri bið lýkur í september og þá fáum við að vita um hvað málið snýst en nánast það eina sem látið hefur verið uppi um söguna er að hún fjallar um mann, Roy McBride, sem er sendur út í geim að leita föður síns sem hvarf fyrir mörgum árum algjörlega spurlaust. Sjálfur hefur James Gray, sem á að baki myndir eins og *Little Odessa*, *The Immigrant* og *The Lost City of Z*, sagt að sagan í *Ad Astra* sé nokkurs konar blanda af *2001: A Space Odyssey* og *Apocalypse Now*. Hvað hann á við með því vitum við ekki en grunar að pabbi Roys sé nokkurs konar Walter E. Kurtz í geimnum. Þetta er ágiskun án ábyrgðar. Kíkið á stíkluna.



Downton Abbey í bíó

Bresku sjónvarpsþættirnir um Crawley-fjölskylduna og alla þá sem henni tengjast eru á meðal vinsælustu sjónvarpsþátta síðustu ára, enda bæði frábærlega vel gerðir og leiknir og ættu fjölmargir aðdáendur þeirra því að gleðjast þegar bíómynd byggð á þessum þáttum, sem runnu sitt skeið á enda árið 2015, kemur í bíó 20. september. Í henni snúa aftur flestar af lykilpersónum þáttanna með þeim Robert Crawley, jarli af Grantham, og hertogaynjunni Coru Crawley í fararbroddi sem leikin eru af Hugh Bonneville og Elizabeth McGovern. Við kynnum myndina nánar í næsta blaði.





Sorg, hefnd og ást


Önnur mynd Hlyns Pálmasonar (*Vinterbrødre*), *Hvítur, hvítur dagur*, verður frumsýnd í byrjun september en hún hefur fengið afar góða dóma þeirra sem séð hafa á kvikmyndahátíðum erlendis.

Myndin segir frá lögreglustjóranum Ingimundi sem hefur verið í starfsleyfi frá því að eiginkona hans lést óvænt af slysförum. Í sorginni einbeitir hann sér að því að byggja hús fyrir dóttur sína og afastelpu, eða allt þar til athygli hans beinist að manni sem hann grunar að hafi átt í ástarsambandi við konu sína. Fljótlega breytist grunur Ingimundar í þráhyggju og leiðir hann til róttækra gjörða sem óhjákvæmilega bitna einnig á þeim sem standa honum næst. Segja aðstandendur myndarinnar að um sé að ræða sögu um sorg, hefnd og skilyrðislausu ást. Með hlutverk Ingimundar fer Ingvar E. Sigurðsson en á meðal annarra leikara eru Ída Mekkín Hlynsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Arnmundur Ernst Backman, Björn Ingi Hilmarsson, Elma Stefanía Ágústsdóttir, Haraldur Ari Stefánsson, Laufey Elíasdóttir, Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Sverrir Þór Sverrisson og Þór Tulinius. Stiklan er komin á netið.



Síðasta verkefnið

Fimmta, og að sögn Sylvesters Stallone síðasta myndin um John James Rambo, verður frumsýnd í september og ber hún heitið *Rambo: Last Blood*. Myndin hefur verið í bígerð allar götur síðan fjórða myndin var frumsýnd 2008 en alltaf steytt á einhverjum skerjum, aðallega þeim að Sylvester hefur verið upptekinn í öðrum verkefnum. En nú er sem sagt komið að því að sjá sögulokin í ævintýrinu um Rambó sem rithöfundurinn David Morrell skapaði í bók sinni *First Blood* árið 1972. Í myndinni tekur hinn áttæði Rambo að sér að fara til Mexíkó þar sem hann ætlar að freista þess að frelsa dóttur vinar síns úr klóm glæpagengis. Hvernig það mun ganga skal ósagt látið en víst er að Rambo þarf á allri sinni reynslu og fyrri styrk að halda til að komast í gegnum verkefnið heill á húfi. Sjáið stikluna.




Svindlað á svindlurum

Á myndinni hér fyrir ofan má sjá þær Lili Reinhart, Jennifer Lopez, Keke Palmer og Constance Wu í hlutverkum sínum í nýjstu mynd leikstjórans Lorene Scafaria, *Hustlers*, sem frumsýnd verður í september. Lorena, sem á að baki myndirnar *Seeking a Friend for the End of the World* og *The Meddler*, skrifaði einnig handritið og byggði það á sannri sögu sem færð var í letur af blaðakonunni Jessicu Pressler og birt í New York Times árið 2015 undir heitinu *The Hustlers at Scores*. Myndin fjallar um nokkrar konur sem dönsuðu á háklessa súlustöðum í New York og drógu m.a. að sér karlmenn sem unnu á Wall Street og óðu margir hverjir í peningum á þeim tíma. Segja má að það hafi konurnar sammælst um að nýta sér á ólöglegan hátt og í gang fór flétta sem átti heldur betur eftir að vinda upp á sig. Sagan er sögð á gamansaman hátt og við kynnum hana nánar í næsta blaði.



Sumar hetjur eru úr plasti

Þýsku Playmobile-leikföngin komu fyrst á markað árið 1974 og það leið ekki á löngu uns þau höfðu náð gríðarlegum vinsældum í leikfangaverslunum um allan heim. Í september verður fyrsta bíómyndin sem byggist á þessum leikföngum frumsýnd, en hún er í leikstjórn Lino DiSalvo sem einnig samdi söguna. Myndin segir frá Maríu sem komið hefur sér vel fyrir í einni af fjölmörgum veröldum Playmobile og hefur ekkert hugsað sér til hreyfings. Það breytist hins vegar snarlega þegar bróðir hennar og reyndar fleiri Playmo-kallar hverfa sporlaust og hún ákveður að ganga í lið með spæjaranum Rex Dasher sem einsett hefur sér að leysa málið. Þar með hefst ferðalag þeirra inn í hinar ýmsu Playmobile-veraldir sem eru jafnskringilegar og þær eru margar og sumar stórhættulegar venjulegum Playmo-köllum. En Rex er ekkert blávatn heldur og tekst á við hvert verkefni af æðruleysi.





The Angry Birds Movie 2

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Orri Huginn Ágústsson, Salka Sól Eyfeld, Hjálmar Hjálmarsson, Guðjón Davíð Karlsson, Bryndís Ásmundsdóttir, Albert Halldórsson, Jóhann Sigurðarson, Kolfinna Orradóttir, Lára Björk Hall og Viktor Óli Eiríksson Smith **Leikstjórn:** Hjálmar Hjálmarsson **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóin Egilshöll og Kringlunni og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 7. ágúst



Samherjar í neyð!

Önnur teiknimyndin um reiðu fuglana og erkióvini þeirra, grænu svínin, kemur í bíó 7. ágúst og eins og í fyrri myndinni er það óborganlegt grín og hugmyndarík barátta sem er í fyrirrúmi.

Eftir útreiðina sem svínin fengu síðast fyrir eggjastuldinn hefur leiðtogi þeirra hannað viðamikla hefndaraðgerð gegn Rauð og félögum þannig að allt stefnir í ný átök. Þá gerist það að nýr óvinur lætur á sér kræla sem ræður yfir tækni til að komast bæði yfir heimkynni reiðu fuglanna og svínanna. Þetta leiðir til þess að hið ótrúlega gerist, að svínin og fuglarnir ákveða í fyrsta sinn að snúa bökum saman, enda er það bersýnlega eina leiðin til að dýla við hina sameiginlegu ógn ...

Punktur

• Myndin verður sýnd með bæði íslensku og ensku tali og í ensku útgáfunni eru það þau Jason Sudeikis, Tiffany Haddish, Josh Gad, Danny McBride, Bill Hader, Peter Dinklage, Sterling K. Brown, Maya Rudolph, Eugenio Derbez, Nicki Minaj, Dove Cameron, Awkwafina og Pete Davidson sem ljá helstu karakterunum raddir sínar.





The Kitchen

Spenna / Glæpasaga



Aðalhlutverk: Melissa McCarthy, Tiffany Haddish, Elisabeth Moss, Domhnall Gleeson, Margo Martindale, Common, Bill Camp og James Badge Dale **Leikstjórn:** Andrea Berloff **Bió:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbió og Eyjabíó

Frumskýnd 8. ágúst



Við gerð myndarinnar var lögð rík áhersla á að endurskapa umhverfið í Hell's Kitchen eins og það var árið 1978.

Veistu svárið?

The Kitchen er fyrsta leikstjórnarverkefni Andreu Berloff en hún skrifaði m.a. handrit myndanna *Sleepless*, *World Trade Center*, *Blood Father* og *Straight Outta Compton* sem færði henni tilnefningu til Óskarsverðlauna. Hver leikstýrði *Straight Outta Compton*?



F. Gary Gray

Gerðu það sem gera þarf

Þær Claire, Ruby og Kathy búa í hinu alræmda Hell's Kitchen-hverfi í New York og eru giftar gangsterum sem vinna fyrir írsku maffíuna. Þegar eiginmenn þeirra eru nappaðir af alríkis-lögreglunni og sendir í fangelsi ákveða konurnar að taka við vinnu þeirra og sanna fljótlega að þær eru engir eftirbátar þeirra í að innheimta reikninga og halda samkeppni í skefjum!

The Kitchen er mynd sem margir bíða eftir og ættu þeir hinir sömu ekki að hafa orðið fyrir vonbrigðum með fyrstu stikluna úr henni sem er frábær og lofar góðu. Myndin er ekki síður áhugaverð fyrir þær sakir að í hlutverkum kvennanna þriggja sem reynast einstaklega harðar í horn að taka þegar þær sinna „viðskiptum“ eiginmanna sinna fara leikkonur sem hafa hingað til verið mun þekktari fyrir gamanleik en alvarlegri hlutverk þótt þær hafi vissulega sýnt að þær séu færar í allan sjó þegar karaktersköpun er annars vegar. *The Kitchen* er mynd sem gæti hæglega komið kvikmyndaheiminum hressilega á óvart.



Eiginkonurnar þrjár, Claire, Ruby og Kathy, sem taka völdin í sínar hendur á meðan eiginmenn þeirra sitja á bak við lás og slá eru leiknar af Elisabeth Moss, Tiffany Haddish og Melissa McCarthy.

Punktur

• Sagan dregur nafn sitt af hverfi á vesturhluta-Manhattan sem löngum hefur verið kallað Hell's Kitchen (einnig Clinton) og markast af 34. stræti í suðri, 59. stræti í norðri, Áttundu breiðgötu í austri og Hudson-á í vestri. Hverfið var alræmt fyrr á árum þegar Írskir innflytjendur voru þar í miklum meirihluta og írsku mafían réð þar ríkjum.



Myndin er byggð á samnefndum teiknimyndasögum eftir Ollie Masters og Ming Doyle sem komið hafa út undir merkjum Vertigo (sem er undir regnhlíf DC Comics) síðan í ársbyrjun 2015. Þess má geta að aðrar þekktar myndir sem gerðar hafa verið eftir Vertigo-útgáfum eru m.a. *Constantine*, *A History of Violence*, *V for Vendetta* og *The Fountain*.

Segðu mér sögu

Árið er 1968 og yfir bænum Mill Valley hvílir skuggi Bellows-fjölskyldunnar sem bjó fyrr á árum í stóru húsi í útjaðri hans. Þar breytti hin unga Sarah kvöl sinni í sögur sem verða að hræðilegum veruleika þegar nokkrir unglingar uppgötva þær.

Bíóhrollvekja ágústmánaðar er myndin *Scary Stories to Tell in the Dark* sem sækir innblásturinn í samnefnt þriggja binda smásagnasafn rithöfundarins Alvins Schwartz, en það kom út á árunum 1981–1991 og var myndskreytt af Stephen Gammell. Sögurnar voru ætlaðar börnum og unglingum og byggðu að stóru leyti á alls konar þjóðsögum sem Alvin hafði safnað saman um árabíl. Bækurnar hafa allt frá útgáfu notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum og selst í hátt í tíu milljón eintökum en eru um leið á meðal umdeildustu bóka því þeir eru margir sem telja sögurnar í þeim alls ekki við hæfi barna ...



Scary Stories to Tell in the Dark

Hrollvekja / Ráðgáta



Aðalhlutverk: Zoe Margaret Colletti, Michael Garza, Gabriel Rush, Austin Abrams, Dean Norris, Gil Bellows, Lorraine Toussaint, Kathleen Pollard and Austin Zajur **Leikstjórn:** André Øvredal **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó og Borgarbíó Akureyri

Framsýnd 9. ágúst




Michael Garza og Zoe Margaret Colletti leika tvo af unglingunum sem uppgötva sögurnar og lenda í framhaldinu í miklum hremmingum. Á milli þeirra er fuglahræða sem kemur talsvert við sögu í myndinni.

Punktur

• Það er sjálfur Guillermo del Toro (*The Shape of Water*, *Crimson Peak*, *Pacific Rim*) sem er meðhöfundur handritsins en hann hafði einnig yfirumsjón með framleiðslu myndarinnar og ákvað að fá norska leikstjórnann André Øvredal í leikstjórnina, en André á m.a. að baki myndirnar *Trolljegeren* og *The Autopsy of Jane Doe*.



Leikstjórninn André Øvredal og framleiðandinn og handritshöfundurinn Guillermo del Toro eiga veg og vanda að gerð myndarinnar.



Veistu svarið?

Leikstjórninn, handritshöfundurinn og framleiðandinn Guillermo del Toro hefur verið á meðal áhrifamestu kvikmyndagerðarmanna um árabíl og hlaut tvenn Óskarsverðlaun fyrir sína síðustu mynd, *The Shape of Water*. En hvað hét fyrsta bíómynd hans?



© 2019



Once Upon a Time in ... Hollywood

Tarantino



Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio, Brad Pitt, Margot Robbie, Emile Hirsch, Margaret Qualley, Timothy Olyphant, Austin Butler, Dakota Fanning og Bruce Dern **Leikstjórn:** Quentin Tarantino **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóin Álfabakka og Kringlunni og Borgarabíó Akureyri

Frumskýnd 14. ágúst



Í myndinni er fjöldi þekktara leikara í aukahlutverkum, þ. á m. Al Pacino sem leikur kvikmyndaframleiðandann Marvin Schwarzs.

Veistu svarið?

Þetta er í fyrsta sinn sem þeir Leonardo DiCaprio og Brad Pitt leika hvor á móti öðrum en í annað skipti sem þeir leika í mynd eftir Quentin Tarantino. Í hvaða myndum hans hafa þeir leikið?



Django Unchained og Inglourious Basterds.

Einu sinni var ...

Kvikmyndaáhugafólk um allan heim hefur beðið spennt eftir nýjstu mynd leikstjórans og handritshöfundarins Quentins Tarantino og í ágúst er loksins komið að lokum þeirrar bíðar.

Segja má að Quentin snúi hér aftur til frásögustílsins í *Pulp Fiction* þar sem hann sagði nokkrar sögur af ólíkum persónum og tengdi þær síðan saman á snilldarlegan hátt. Að öðru leyti er langskemmtilegast fyrir áhorfendur að vita sem minnst um hvað gerist í myndinni enda snýst bíóupplifunin að stórum hluta um að uppgötva söguna og hefur Quentin sjálfur beðið væntanlega áhorfendur að segja þeim sem eiga eftir að sjá myndina helst ekki neitt um söguþráðinn. Við virðum það að sjálfsgöðu eins og vonandi allir aðrir sem sjá myndina.



Brad Pitt og Leonardo DiCaprio leika samstarfsfélagana Cliff Booth og Rick Dalton og Margot Robbie leikur leikkonuna og fyrirsætuna Sharon Tate sem var myrt af Manson-fjölskyldunni 9. ágúst árið 1969, en Sharon var jafnframt eiginkona leikstjórans Romans Polanski.

Punktar

- Fyrir utan þau Brad Pitt, Leonardo DiCaprio og Margot Robbie leika fjölmargir þekktir leikarar stór sem smá aukahlutverk í *Once Upon a Time in ... Hollywood* og má þar nefna Al Pacino, Dakotu Fanning, Timothy Olyphant, Kurt Russell, Harley Quinn Smith, Emile Hirsch, Michael Madsen, Bruce Dern, Rumer Willis, Clifton Collins Jr., Lenu Dunham, Brendu Vaccaro, Rebeccu Gayheart og Luke Perry, en myndin er jafnframt síðasta mynd þess síðastnefnda sem lést eins og kunnugt er úr heilablóðfalli í mars síðastliðnum.
- Leikkonan María Birta Bjarnadóttir leikur smáhlutverk í *Once Upon a Time in ... Hollywood*, þ.e. eina af nokkrum Playboy-kaninum.
- Það tók Quentin Tarantino fimm ár að skrifa handrit myndarinnar sem að mörgu leyti byggist á æskuminningum hans sjálf en sagan inniheldur fjölmargar tilvísanir í raunverulega atburði ársins 1969 auk tilvísana í kvikmyndir og tónlist þess tíma. Þess utan eru auðvitað margar persónur myndarinnar raunverulegt fólk sem var áberandi í Hollywood og á Los Angeles-svæðinu á þessum tíma.
- Heiti myndarinnar er til heiðurs einum af uppáhaldsleikstjórum Quentins, Sergio Leone, sem gerði m.a. myndirnar *Once Upon a Time in the West* (1968) og *Once Upon a Time in America* (1984).
- Einn af ráðgjöfum Quentins við gerð myndarinnar var Debra Tate, systir Sharon Tate. Debra lánaði einnig Margot Robbie skartgripina sem hún ber í myndinni, en þá átti Sharon Tate á sínum tíma.
- Þetta er fyrsta myndin sem Leonardo DiCaprio leikur í síðan hann hlaut Óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt í *The Revenant*. Hermt er að hann hafi farið í nokkurra mánaða stranga líkamsþjálfun til að verka trúverðugari í hlutverki Ricks Dalton sem er hasarmyndaleikari.



Héraðið

Drama



Aðalhlutverk: Arndís Hrönn Egilsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Hannes Óli Ágústsson, Hinrik Ólafsson og Edda Björg Eyjólfsdóttir **Leikstjórn:** Grímur Hákonarson

Bíó: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 14. ágúst



Héraðið var tekin upp 2018 á Hvammstanga, Blönduósi og á rjómabúinu Erpsstöðum í Dölum þar sem þessi mynd er tekin.

Veistu svarið?

Sigurður Sigurjónsson, sem leikur stórt hlutverk í *Héraðinu*, lék bóndann Gumma í síðustu mynd leikstjórans Gríms Hákonarsonar, *Hrútum*, en Gummi hafði eins og menn muna ekki talað við bróður sinn og nágranna, Kidda, í fjórutíu ár. En hver lék Kidda?



Theodor Júlíusson

Ef enginn segir neitt – þá breytist ekkert

Héraðið gerist í litlu samfélagi og segir sögu Ingu, miðaldra kúabónda, sem gerir uppreisn gegn kaupfélaginu á staðnum. Hún reynir að fá aðra bændur í lið með sér en það gengur erfiðlega þar sem kaupfélagið hefur sterk ítök í sveitinni.

Héraðið er nýjasta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Gríms Hákonarsonar en hann sendi síðast frá sér hina stórgóðu mynd *Hrútar* sem hlaut ellefu Edduverðlaun, þ. á m. fyrir leikstjórn, handrit, besta leik í aðal- og aukahlutverki karla og sem besta mynd ársins 2015, og Un Certain Regard-verðlaunin í Cannes, sem eru sennilega virtustu og mikilvægustu erlendu kvikmyndaverðlaun sem íslensk kvikmynd hefur hlotið. Það er íslenska fyrirtækið Netop Films sem framleiðir *Héraðið* í samvinnu við danskt (Profile Pictures), franskt (Haut et Court) og þýskt (One Two Films) fyrirtæki, en síðasta mynd Netop Films var hin vinsæla mynd Hafsteins Gunnars Sigurðssonar, *Undir trénu*, sem 50 þúsund manns sáu í bíó og hlaut fjölda verðlauna, þ. á m. tólf Edduverðlaun, og varð framlag Íslands til Óskarsverðlauna.

Við viljum að sjálfsgöðu hvetja allt kvikmyndaáhugafólk til að sjá *Héraðið* á stóru tjaldi í bíó, en hún verður frumsýnd 14. ágúst.



Það er Arndís Hrönn Egilsdóttir sem fer með aðalhlutverk myndarinnar, en hún hefur leikið bæði í sjónvarpi, kvikmyndum, útvarpi og á sviði. Arndís hefur einnig fengið m.a. við dagskrárgerð fyrir Rás 1 og starfað sem leiðsögumaður fyrir franska ferðamenn á sumrin. Þess má geta til gamans að Arndís er systir tónlistarmannsins Högna sem starfar m.a. með hljómsveitinni Hjaltalín og semur kvikmyndatónlist.

Punktar

- Aðalframleiðandi myndarinnar f.h. Netop Films var Grímar Jónsson og um kvikmyndatökuna sá Mart Taniel. Klipping var í höndum Kristjáns Loðmfjörð, Valgeir Sigurðsson samdi tónlistina og um leikmyndahönnun, búningahönnun og förðun/hár sáu Bjarni M. Sigurbjörnsson, Margrét Einarsdóttir og Kristín Júlía Kristjánsdóttir.



Sigurður Sigurjónsson leikur kaupfélagsstjórnann Eyjólf í *Héraðinu*.



Good Boys

Gamanmynd




Aðalhlutverk: Jacob Tremblay, Keith L. Williams, Brady Noon, Will Forte, Molly Gordon, Josh Caras, Christian Darrel Scott, Lil Rel Howery, Sam Richardson og Retta **Leikstjórn:** Gene Stupnitsky
Bíó: Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Egilshöll og Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frummynd 21. ágúst



Veistu svarið?

Af þeim þremur sem leika aðalhlutverkin er Jacob Tremblay langþekktastur eftir að hafa slegið í gegn í myndinni *Room* og síðan leikið í myndum eins og *Wonder*, *The Book of Henry* og *The Predator*. Hver leikstýrði honum í síðastnefndu myndinni?



Shane Black

Vandræðin eru víða

Þrjú ellefu ára strákar og skólafélagar lenda í miklum vanda þegar dróni sem þeir „fengu lánaðan“ hjá pabba eins þeirra er klófestur af stúlkunni sem þeir ætluðu að ná myndbandi af að kyssa kærastan. Drónann verða þeir að endurheimta hvað sem það kostar áður en pabbinn uppgötvar að hann er horfinn.

Good Boys er laflétt og fjörug mynd um uppátæki þeirra Max, Lucasar og Thors sem eru að uppgötva ýmislegt sem þeir vissu ekki um heim þeirra fullorðnu. Þegar Max er boðið í „kossapartí“ þar sem talsverðar líkur eru á að hann þurfi að kyssa stelpu í fyrsta sinn fyllist hann miklum kvíða því hann kann ekki að kyssa og er því dauðhræddur um að verða að athlægi í partíinu. Til að öðlast nauðsynlega þekkingu á hvernig maður ber sig við tekur hann fyrrnefndan dróna pabba síns traustataki til að taka upp kossafleus kærustupars á táningsaldri. Nú þarf hann ásamt félögum sínum, þeim Lucasi og Thor, að finna leið til að ná drónanum af stelpunni sem hefur hann í sinni vörslu, en það reynist hægara sagt en gert ...



Brady Noon, Jacob Tremblay og Keith L. Williams leika strákana þrjá.

Punktar

- *Good Boys* er fyrsta myndin sem Gene Stupnitsky leikstýrir en hann skrifaði einnig handritið ásamt samstarfsmanni sínum, Lee Eisenberg. Þeir Gene og Lee eiga m.a. að baki handrit myndanna *Year One* og *Bad Teacher* auk þess að hafa bæði framleitt og skrifað fjölda þátta í bandarísku *Office*-sjónvarpsseriunni.
- Aðalframleiðendur *Good Boys* eru þeir Seth Rogen og Evan Goldberg, en þeir eiga sem framleiðendur að baki grínmyndir eins og *Superbad*, *Neighbors*-myndirnar, *Knocked Up*, *The Disaster Artist*, *Sausage Party*, *The Interview*, *50/50*, *Blockers*, *Pineapple Express* og fleiri þekktar myndir.



Þarna hafa þeir Lucas, Thor og Max komist í eitthvað vafasamt á netinu.

Alltaf viðbúin!

Eftir að hafa alist að mestu upp í frumskóginum þarf Dóra nú að setjast á skólabekk í borginni á meðan foreldrar hennar leggja upp í langferð í leit að fornri borg sem sögð er hafa verið byggð úr gulli. Þegar Dóra kemst svo að því að foreldrar hennar hafa ratað í bráða lífshættu og þarfnast hjálpar kemur auðvitað ekkert annað til greina en að leggja af stað og finna þá.

Það þekkja flestir teiknimyndaseríuna um Dóru landkönnuð sem hófu göngu sína árið 2000 og hefur notið ómældra vinsælda allar götur síðan um allan heim. Í þáttunum ferðaðist Dóra um Jörðina ásamt foreldrum sínum og lenti í ýmsum ævintýrum ásamt apanum sínum, Klossa, og frænda sínum og besta vini Díegó. Nú hafa ævintýri þeirra verið uppfærð í heila bíómynd þar sem fjörið og grínið ræður ríkjum og sem fyrr kemur það að mestu í hlut Dóru að bjarga málunum áður en það er of seint – á sinn hugvitsamlega hátt ...



Dora and the Lost City of Gold

Ævintýri / Fjölskyldmynd



Aðalhlutverk: Isabela Moner, Eugenio Derbez, Michael Peña, Eva Longoria, Danny Trejo, Jeff Wahlberg, Benicio del Toro, Nicholas Coombe, Temuera Morrison og Madeleine Madden **Leikstjórn:** James Bobin **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Isafjarðarbíó og Eyjabíó

Frumskýnd 23. ágúst



Dóra ásamt foreldrum sínum sem Eva Longoria og Michael Peña leika.

Veistu svarið?

Isabela Moner, sem varð 18 ára 10. júlí, lék í sinni fyrstu bíómynd, *The House That Jack Built*, aðeins 11 ára að aldri. Síðan hefur hún t.d. leikið í *Transformers: The Last Knight* og *Sicario: Day of the Soldado* en í hvaða bíómynd lék hún síðast?



Instant Family



Isabela Moner leikur hina úrræðagöðu og snjöllu Dóru.

Punktar

- Isabela Moner var ekki alveg ókunnug ævintýraheimi Dóru landkönnuðar þegar hún var valin til að fara með hlutverk hennar í þessari mynd því hún talaði fyrir Kötunni, vinkonu Dóru, í teiknimyndaseríunni sem gerð var og sýnd á árunum 2014–2015.
- Leikstjóri myndarinnar er James Bobin, en hann á að baki tvær síðustu myndirnar um Prúðuleikarana, þ.e. *The Muppet Movie* og *Muppets Most Wanted*, og myndina *Alice Through the Looking Glass*.
- Þeir Danny Trejo og Benicio Del Toro tala fyrir tvær af teiknuðu persónunum myndarinnar, þ.e. Danny fyrir apann hennar Dóru, Klossa, og Benicio del Toro fyrir slóttugan ref sem nefnist Swiper.




Hér sjást þau Eugenio Derbez, Nicholas Coombe, Jeff Wahlberg, Madeleine Madden og Isabela Moner í einu atriði myndarinnar.

Alveg eins og Bruce

Javed er breskur táningur af pakistönskum ættum sem er fæddur og uppalinn í Luton í Bretlandi. Hann dundar sér við að semja ljóð og þegar hann uppgötvar lög og texta Bruce Springsteen finnur hann svo mikinn samhljóm með þeim og sínu eigin lífi í Luton að hann einsetur sér að heimsækja heimabæ Bruce í New Jersey, þvert á vilja foreldra sinna.

Blinded by the Light er nýjasta mynd bresk-kenísku leikstýrnnar Gurinder Chadha sem er einna þekktust fyrir snilldarmyndina *Bend It Like Beckham* frá árinu 2002, en sú mynd var tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna sem besta mynd ársins og átti stóran þátt í því að Keira Knightley var valin til að fara með hlutverk Elizabethar Swann í *Pirates of the Caribbean*-myndunum. Hér segir hún okkur hliðstæða sögu sem er full af húmor og skemmtilegheitum þrátt fyrir alvarlegan undirtón sem markast af erfiðum aðstæðum Javeds og fordómunum sem hann hefur mætt í uppveksti sínum, bæði vegna upprunals síns og vegna þess að hann er múslimi ...



Blinded by the Light

Gamanmynd



Aðalhlutverk: Viveik Kalra, Kulvinder Ghir, Meera Ganatra, Hayley Atwell, Rob Brydon, Nell Williams, Dean-Charles Chapman, Aaron Phagura, Meera Ganatra, Jonno Davies og Sally Phillips

Leikstjórn: Gurinder Chadha **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 30. ágúst



Veistu svarið?

Blinded by the Light gerist árið 1987 þegar Bruce Springsteen gaf út sína áttundu sólóplötu, en hann hafði þá síðast sent frá sér plötuna *Born in the U.S.A.* sem kom út 1984. En hvað hét platan sem hann gaf út árið 1987?



Tunnel of Love



Viveik Kalra leikur hin breska Javed sem semur ljóð í frístundum sínum og kolfellur síðan fyrir tónlist og textum Bruce Springsteen.


Punktur

• *Blinded by the Light* er að stórum hluta byggð á endurminningum blaðamannsins Safraz Manzoor, *Bury Park: Race, Religion and Rock N' Roll* og skrifaði Safraz handritið sjálfur í samvinnu við leikstjórnann Gurinder Chadha og bandaríska rithöfundinn Paul Mayeda Berges.

• Myndin sækir heiti sitt í samnefnt lag Bruce Springsteen sem kom út á fyrstu sólóplötu hans, *Greetings from Asbury Park, N.J.* árið 1973, og varð svo vinsælt í flutningi bresku sveitarinnar Manfred Mann's Earth Band sem kom því í fyrsta sæti Billboard-listans árið 1977.



Blinded by the Light hefur fengið afar góða dóma gagnrýnenda og flokkast til „feel-good“-mynda eins og þær gerast hvað bestar.



A Dog's Journey

Gamandrama / Ævintýri



Aðalhlutverk: Josh Gad, Dennis Quaid, Marg Helgenberger, Betty Gilpin, Kathryn Prescott, Abby Ryder Fortson, Henry Lau, Johnny Galecki og Jake Manley **Leikstjórn:** Gail Mancuso **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó og Eyjabíó

Framsýnd 30. ágúst



Veistu svarið?

Eins og fram kemur hér í kynningunni er þessi mynd framhald myndarinnar *A Dog's Purpose* sem var framsýnd fyrir rúmlega tveimur árum og gerði það gott í kvikmyndahúsum enda ákaflega skemmtileg og góð saga. Hver leikstýrði þeirri mynd?



Lasse Hallström

Vináttan er eilíf

A Dog's Journey er ný mynd um hundinn Bailey sem við kynntumst í myndinni *A Dog's Purpose*, en hún var framsýnd árið 2017 og bræddi hjórtu margra, ekki síst hunda- og dýravina.

A Dog's Journey var byggð á samnefndri metsölu- og verðlaunabók bandaríska rithöfundarins Williams Bruce Cameron sem kom út 2010 og sat í 19 vikur á metsölulista New York Times. Framhaldið, *A Dog's Journey* sem þessi mynd er gerð eftir, kom svo út 2012 og gerist um ári eftir að fyrri sögunni lauk. Við förum hér aftur í heimsókn til Ethans, eiganda Baileys, og eiginkonu hans, Hönnu, sem nú búa með ekkju sonar síns, Gloríu, og dóttur hennar, Kathryn. Ólíkt tengdafaforeldrum sínum og dóttur er Gloríu ekki vel við hunda og ákveður að flytja burt, þeim Ethan og Hönnu til mikillar mæðu og ekki bætir úr skák að Gloríu lætur í veðri vaka að þau muni ekki fá að hitta Kathryn á ný. Þegar Bailey veikist af ólæknandi sjúkdómi biður Ethan hann um að koma aftur í öðrum hundalíkama eins og hann hefur alltaf gert, en í þetta sinn til að passa Kathryn í uppvextinum. Við því á Bailey eftir að verða og þar með hefst ævintýrið á ný með öllum þeim hómur og hlýju sem fylgir sambandi manna og hunda ...



Dennis Quaid og Marg Helgenberger leika hjónin Ethan og Hönnu.

Punktar

• Rétt eins og í fyrri myndinni er það höfundurinn sjálfur, William Bruce Cameron, sem skrifar handritið en í þetta sinn er það Gail Mancuso sem leikstýrir en hún á langan feril að baki sem leikstjóri sjónvarpsþátta og leikstýrði m.a. mörgum þáttum af *Friends*, *Ellen*, *Becker*, *Gilmore Girls*, *Scrubs*, *30 Rock* og *Modern Family*.



Myndin spannar öll uppvaxtarár CJ, barnabarns Ethans og Hönnu, og er leikin af Kathryn Prescott á unglingsárunum. Hún er hér með Henry Lau sem leikur tilvonandi kærasta hennar og síðar eiginmann, Trent.



Angel Has Fallen

Spenna / Hasar




Aðalhlutverk: Gerard Butler, Morgan Freeman, Piper Perabo, Jada Pinkett Smith, Lance Reddick, Nick Nolte, Danny Huston, Tim Blake Nelson, Chris Browning og Michael Landes **Leikstjórn:** Ric Roman Waugh **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó og Eyjabíó

Frumskýnd 30. ágúst



Veistu svarið?

Í ár eru liðin 55 ár síðan Morgan Freeman lék í sinni fyrstu bíómynd, *The Pawnbroker*, eftir Sidney Lumet og þrjátíu ár síðan hann lék í mynd sem færði honum hans fyrstu tilnefningu til Óskars-verðlauna. Hvaða mynd var það?



Driving Miss Daisy

Tryggðin getur verið banvæn

Í þessari þriðju mynd um fyrrverandi leyniþjónustumanninn og núverandi lífvörð forseta Bandaríkjanna, Mike Banning, kemst hann heldur betur í hann krappan þegar þaulskipulögð árás er gerð á forsetann þar sem allir aðrir en hann sjálfur úr lífvarðasveitinni láta lífið. Í kjölfarið vaknar grunur um að Mike hafi sjálfur skipulagt árásina og hans bíður því það verkefni að finna hina seku og hreinsa sjálfan sig af sök.

Já, Mike Banning sem kvikmyndaáhugafólk þekkir úr myndunum *Olympus Has Fallen* og *London Has Fallen* snýr hér aftur í þriðja sinn sem lífvörður forseta Bandaríkjanna og lendir í miklum hremmingum þegar hann þarf sjálfur að leggja á flótta undan eigin fólki eftir að hafa naumlega bjargað lífi forsetans úr hryðjuverkaárás. Hann þarf því ekki bara að finna út hver stóð að árásinni heldur vernda um leið líf forsetans sem liggur á sjúkrahúsi. Það er hins vegar hægara sagt en gert fyrir mann sem er á flótta en sem fyrr deyr Mike ekki ráðalaus og fær til liðs við sig föður sinn (Nick Nolte) sem þrátt fyrir að vera rúmlega áttræður er ekkert blávatn ...



Gerard Butler bregður sér í þriðja sinn í hlutverk fyrrverandi leyniþjónustumannsins Mikes Banning sem hefur vissulega séð það svart sem lífvörður forsetans en aldrei samt eins og í þetta sinn.

Punktur

- Leikstjóri í þetta sinn er Ric Roman Waugh sem gerði myndirnar *Felon*, *Snitch* og *Shot Caller* sem allar þykja alveg þrælgóðar. Handritið er hins vegar skrifað af Robert Mark Kamen (*The Karate Kid*, *The Transporter*, *Taken*) í samvinnu við Ric Roman Waugh og höfunda seríunnar, Katrin Benedikt og Creighton Rothenberger.
- Gerard Butler, sem jafnframt er einn af aðalframleiðendum myndarinnar, lét hafa eftir sér í viðtali að sagan í þessari mynd væri persónulegri og mun dýpri en þær fyrri hvað varðar persónusköpun.



Allan Trumbull (Morgan Freeman) sem var forseti neðri deildar Bandaríkjapings í *Olympus Has Fallen*, er nú orðinn forseti Bandaríkjanna.

Kíktu á DVD-, VOD-
og tölvuleikjahlutann:

